

Samband íslenskra sveitarfélaga
v. skólamála
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík 19. mars 2015

Efni: Uppsetningar skóla á söngleikjum og öðrum sviðsverkum með tónlist

Ósk um að miðla upplýsingum áfram til þeirra sem málið varðar

Með bréfi þessu vilja STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) sem gæta hagsmuna tónhöfunda jafnt innlendra sem erlendra koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarfélög undir hatti sambandsins reka skóla og margvíslega aðra fræðslustarfsemi hér á landi. Óskað er eftir því að Sambandið komi upplýsingum þessum áleiðis til þessa er málið varðar.

Að gefnu tilefni

Erlendir rétthafar heimsþekkttra söngleikja hafa orðið varir við uppsetningu slíkra verka hérlandis án þess að leitað hafi verið leyfa hjá hlutaðeigandi aðilum og hafa þeir í auknum mæli sett sig í samband við STEF vegna þessa. Til að koma í veg fyrir hugsanlegar bótakröfur og aðra eftirmála vill STEF leggja sitt að mörkum til að koma upplýsingum um hvernig er rétt að bera sig að, til þeirra sem einna helst setja upp slík verk hér á landi, þ.e.a.s. áhugaleikhópa og skóla.

Hvað eru stórréttindi?

Ef flytja á tónlist í leikverki þarf sá sem setur verkið upp að athuga hvort tónlistin í verkinu sé frumsamin fyrir viðkomandi verk. Ef um slíkt er að ræða er um svokölluð „**stórréttindi**“ eða „grand rights“ að ræða og verður sá er setur verkið upp að semja sérstaklega um réttinn til að flytja tónlistina í verkinu við viðkomandi tónskáld eða þann sem á réttinn að heildarverkinu, þ.e.a.s. leikverki ásamt tónlist. Það sama á við ef um er að ræða aðlögun að útgefnu kvikmyndaverki fyrir leiksvið. Eru viðkomandi aðilar iðulega með önnur og lægri verð á leyfum til handa áhugaleikhópum og skólum en til handa atvinnuleikhúsum. STEF fer **EKKI** með umboð til að semja um slíkar uppsetningar fyrir hönd tónhöfunda. Hins vegar getur STEF aðstoðað við að afla upplýsinga um hver rétthafinn er að viðkomandi verki, ef á þarf að halda.

Leyfi frá STEFi

Ef sá sem setur upp sviðsverk notar hins vegar áður útgefna og óskylda tónlist í verkinu (t.d. þegar notuð eru þekkt lög frá ákveðnu tímabili poppsögunnar) getur viðkomandi samið við STEF um leyfi fyrir tónlistinni. Fer það þá eftir magni tónlistar í sýningunni hversu há leyfisgjöldin eru, en ef um er að ræða verk sem talist getur söngleikur er miðað við að leyfisgjald sé 4% af miðaverði en þó aldrei lægra en tiltekin lágmarksgjöld sem miðast við fjölda áhorfenda. Er það ávallt skilyrði fyrir leyfinu að STEF fái upplýsingar um hvaða tónlist er notuð í verkinu og byggir STEF úthlutun sína á þeim upplýsingum. Nánari upplýsingar um gjaldskrá STEFs má finna á heimasíðu samtakanna.

Ef ætlunin er að flytja söngleikjalög án leikmyndar, búninga og leikgerðar á tónleikum, s.k. konsertuppfærslur, þarf samt sem áður að fá leyfi fyrir því frá rétthafa söngleiksins, nema um sé að ræða mjög stuttan úrdrátt úr viðkomandi verki, en þá getur STEF veitt leyfi fyrir tónleikunum.

Fræðslustarfsemi

Samkvæmt 21. gr. höfundalaga er heimilt að flytja tónlist opinberlega án greiðslu ef um er að ræða flutning sem er hluti af fræðslustarfsemi. Sú takmörkun er þó á þessari heimild að hún nær eingöngu til þess ef ekki er greitt fyrir flutninginn. Sé tekinn aðgangseyrir að söngleikjasýningum skóla er ljóst að afla þarf leyfis skv. framansögðu fyrir flutningnum, annaðhvort beint hjá rétthafa eða í gegnum STEF. Þegar metið er hvort sýning falli undir fræðslustarfsemi eða ekki skiptir einnig máli hvort sýningin er auglýst opinberlega og hún ætluð almenningi eða hvort hún er eingöngu auglýst innan skólans eða innan þröng hóps foreldra og annarra aðstandenda nemenda.

Þýðing og aðlaganir texta að íslensku

Vert er að vekja einnig athygli á að þýðing texta leikverks eða söngtexta á íslensku krefst ávallt samþykkis upprunalegs höfundar lags, enda telst slíkt vera breyting á verki höfundar.

Nánari upplýsingar um stórréttindi og leyfismál tengd þeim má finna á heimasíðu STEFs:

<http://www.stef.is/Vidskiptavinir/tonlist-i-leiksyningum-og-odrum-svidsverkum/>

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri